

Samþykktir Menningarráðs Eyþings

1. grein

Menningarráð Eyþings starfar á vegum sveitarfélaga í Eyþingi. Heimili þess er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur ráðsins er að efla menningarstarf á svæði Eyþings.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst Menningarráðið ná með því að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál. Þá úthlutar Menningarráð Eyþings fjármagni til menningarverkefna í Eyþingi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

4. grein

Aðalfundur Eyþings skipar 6 fulltrúa, og jafnmarga til vara, í Menningarráðið til tveggja ára í senn. Ráðið er þannig skipað að þrjú fulltrúar koma úr sveitarfélögum vestan Vaðlaheiðar og þrjú úr sveitarfélögum austan Vaðlaheiðar. Þess skal jafnan gætt að fulltrúar hafi sem fjölbreyttust tengsl við listir og menningu á svæðinu. Auk þess er sjöundi fulltrúinn, og varamaður hans, skipaður skv. tilnefningu Háskólans á Akureyri.

Ráðið skiptir með sér verkum. Fundi í ráðinu skal halda minnst 4 sinnum á ári.

5. grein

Menningarráð Eyþings ræður sér aðila til að sjá um bókhald og reikningskil ráðsins. Menningarráðinu er heimilt að gera þjónustusamninga við viðurkennda aðila um að sinna skilgreindum, faglegum verkefnum á vegum ráðsins. Slíkir þjónustusamningar skulu greina ítarlega frá gagnkvæmum skuldbindingum þjónustukaupa og þjónustusala.

6. grein

Aðalfundur Eyþings hefur æðsta vald í málefnum Menningarráðsins.

7. grein

Á aðalfundi Eyþings skal:

- Gera grein fyrir starfsemi ráðsins á liðnu starfsári.
- Leggja fram ársreikning ráðsins fyrir liðið ár ásamt athugasemdum endurskoðenda ef einhverjar eru.
- Kjósa fulltrúa og varafulltrúa í ráðið.
- Leggja fram fjárhagsáætlun næsta árs og breytingar á framlögum skv. samningi við ríkið.
- Ákveða þóknun til ráðsmanna.

8. grein

Formaður kveður ráðið saman til fundar og stýrir þeim. Fundi skal boða hvenær sem formaður telur þess þörf og þegar þjónustuaðili, sbr. 5. gr., eða tveir fulltrúa ráðsins óska þess. Menningarráðið er ákvarðanabært þegar meirihluti sækir fund. Forfallist fulltrúi skal boða varamann til þátttöku á fundum ráðsins meðan forföllin vara.

Starfsmaður menningarráðsins og/eða þjónustuaðili þess sbr. 5. gr. á sæti á fundum ráðsins með undantekningum sem ráðið kann að setja.

9. grein

Megin skyldustörf fulltrúa í Menningarráði Eyþings eru:

- Að marka stefnu ráðsins milli aðalfunda sem m.a. felst í því að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum á starfssvæði Eyþings, að hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og að stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál
- Að gera þjónustusamninga við viðurkennda aðila um að sinna skilgreindum verkefnum á vegum ráðsins
- Að hafa eftirlit með öllum rekstri ráðsins og að sjá um að bókhald þess og fjármál séu í fullkomnu lagi
- Að koma fram fyrir hönd Menningarráðsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum
- Að úthluta fjármagni til menningarverkefna samkvæmt samningi á milli sveitarfélaga í Eyþingi og ríkisins.
- Að annast endurskoðun samnings ríkis og sveitarfélaga í Eyþingi um menningarmál.

10. grein

Fundi skal boða með tryggilegum hætti. Fundur Menningarráðs er ályktunarbær ef meirihluti fulltrúa situr fundinn. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns, eða varaformanns í forföllum hans, úrslitum. Samþykktir Menningarráðsins skulu færðar til bókar og undirritaðar af þeim sem fundinn sitja.

11. grein

Reikningsár ráðsins er almanaksárið.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju. Ársreikningur skal undirritaður af fulltrúum ráðsins og starfsmanni þess.

Þá skal ársreikningur staðfestur af löggiltum endurskoðanda Eyþings

12. grein

Í ársskýrslu skal gefa upplýsingar, sem eru mikilvægar við mat á fjárhagslegri stöðu ráðsins og afkomu á rekstrarárinu og ekki koma fram á efnahags- og rekstrareikningi eða skýringum með þeim sbr. 52. gr. laga um ársreikninga. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

13. grein

Menningarráðið skal fyrir lok febrúar árið eftir senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um framkvæmd samningsins þar sem m.a. kemur fram skipting framlaga samkvæmt samningi milli sveitarfélaga og ríkis um menningarmál, afrit samninga við styrkþega og mat á árangri verkefna sem hlutu styrk.

14. grein

Samþykktum ráðsins verður aðeins breytt á aðalfundi Eyþings. Skal tillaga um breytingu á samþykktum send með fundarboði. Breytingartillaga verður að berast ráðinu a.m.k. 6 vikum fyrir aðalfund Eyþings. Tillaga til breytingar á samþykktum ráðsins telst samþykkt með 2/3 hlutum atkvæða.

15. grein

Ákvörðun um að slíta Menningarráði Eyþings skal tekin á aðalfundi og skal hún hljóta minnst 2/3 hluta atkvæða.

Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu Menningarráðsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess.

Fundur sá sem samþykkir á lögsmætan hátt að slíta Menningarráði Eyþings, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og skuldum.